



FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn Flokks fólksins um ávinning af að ráða verktaka í stað starfsmanna (R21020055)

Á fundi borgarráðs þann 22. júlí 2021 sl. var lögð var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hver er ávinningur Reykjavíkurborgar að reka fasta starfsmenn með mikla reynslu og ráða inn verktaka í sömu störf? Einnig langar borgarfulltrúann að vita hvernig það má vera að starfsmenn sem sviðið þarf að láta aðra verktaka þjálfa upp sé ódýrara og hagkvæmara en að halda föstum kjarna fastra starfsmanna. Óskað er eftir að fá tölulegar upplýsingar þar sem þessi samanburður er gerður.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 12. ágúst 2021.

Svar við fyrirspurn:

Engar upplýsingar liggja fyrir um að verið sé að reka fastráðna starfsmenn og ráða inn verktaka í sömu störf. Starfsemi Reykjavíkurborgar er umfangsmikil en ávallt er leitað hagkvæmustu leiða í rekstri borgarinnar. Eðli verkefna eru misjöfn og í sumum tilfellum er keypt þjónusta af verktökum m.a. vegna tímabundinna verkefna sem sviðum og skrifstofum borgarinnar er falið að sinna og metið er að hagkvæmara sé að framkvæma af utanaðkomandi aðilum. Er það metið í hverju tilviki fyrir sig.

Beðist er velvirðingar á því hversu svarið við fyrirspurninni berst seint.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari